

SUMAR Í SVÍPJÓÐ

Sitthvað munað og hugleitt.


Þar var bær mikill ok stórkostligr.
Snorri Sturluson.

I

Ég fór til Svíþjóðar ásamt Önnu dóttur minni, ekki einungis af því, að Svíar — þjóð Linnés og Swedenborgs — eru sú þjóð, sem ég dáist mest að, heldur einnig af því, að þeir höfðu ekki tekið þátt í ófriðnum mikla, þessari mestu heimsku mannkynssögunnar. Þeir komu þar fram einungis til að veita bágstöddum hjálp. Og sú hjálp var mikil. Og þó að ekki væri annað en það, hve mörgum aðþrengdum frá Noregi og Danmörku mun hafa létt í skapi, þegar komið var á sánskt land, þá var það mikil hjálp.

Ég ætla ekki að fara að halda því fram, að Svíar séu að eðlisfari meira atgjörvisfólk en Norðmenn; en þjóðin hefir verið gæfusamari, fólkisvo miklu fleira, og ástæður svo miklu betri til að verjast útlendum yfírráðum og áhrifum. Og hefir sú vörn þó jafnvel í Svíþjóð ekki tekist nógul vel, svo að vér, hinir afskekktu smælingjar, getum stærstu Norðurlandaþjóðinni að nokkru liði orðið enn — ef þegið verður.

Og nú fer íslenskt fólk miklu meir til Svíþjóðar en áður hefir verið, og mest til náms. Eins og mjög er heppilegt, því að hvergi á Norðurlöndum munu t. d. vera jafngóðar ástæður til náttúrufræðináms og í Svíþjóð. En aðaltilgangur minn með ferð þessari var í sambandi við starf mitt að framhaldi Nýals. Ég gerði mér vonir um að geta í Svíþjóð fengið að kynnast nokkrum bókum, sem ég hafði ekki átt þess kost að sjá hérna heima. Og reyndist mér Karólína best í því efni, eins og síðar segir nokkuð af. Og kann nú einhverjum að detta í hug, að Karólína sú muni vera merkiskona. En þó er ekki svo. Ég kynntist að vísu í þessari ferð nokkrum ágætum



Dr. Helgi Pjeturss í Stokkhólmi.

konum, en engin þeirra hét Karólína. Háskólabókasafnið í Uppsöldum er það, sem heitir þessu skrítina nafni.

II

Við fórum í flugvél 26. júní. Kl. 8 um morguninn vorum við á Keflavíkurflugvellinum, en 7 klst. síðar í Stokkhólmi. Voru það mikil umskipti. Og hefði fyrir ekki löngu ótrúlegt þótt, að svo mætti ferðast, enda mikils hugvits og hugrekkis við notið, áður svo gat orðið. Ég hafði ekki einu sinni komið nálægt flugvél áður, og fannst mér mikið um nú, er ég sá hinn blikandi jötunvaxna málmfugl þarna á flugvellinum. Það var „Skymaster“, sem rúmaði 44 farþega. Hvor vængur var 15 metra langur, og er það þrefalt vænghaf langstærsta flugfuglsins hér á jörðu, örnuungsins (Diomedea); og meir en tvöfalt, stærstu flugeðlunnar, sem uppi var á krítaröld jarðsögunnar. Framan á hvorum væng eru tvær mjög rennilegar þriggja spaða skrúfur, og er þessa hér getið, af því að ég hefi í einhverri ferðasögu lesið, að spaðarnir séu fjórir. Allháan stiga var þarna upp að ganga, áður komið var inn í langan sal með 4 sætaröðum. Voru þar fyrir 2 þokkalegar „flygvärdinnor“, er Svíar nefna svo, er létu sér annt um líðan ferðafólksins — en Gísli Halldórsson verkfræðingur nefnir slíkar stúlkur flugfreyjur, í ferðasögu sinni, og má vel við það una. Þá voru mennirnir, sem flugið önnuðust, ekki síður geðugir, og sínu vandasama verki vaxnir. Flugvélin rann á stað eftir hinni steyptu braut, líkt og bifreið, herti á ferðinni og var komin á loft fyrr en varði. Var eins og ekkert væri auðveldara en þetta, og þó er það kraftaverki líkast, að fara svona í loftinu, og hefir mikils við þurft, áður slíku varð komið í kring. Flugvélin hækkaði skjótt, og spaðarnir snrust svo ótt, að þeir hurfu sýn, og ekki sást nema eins og sveipur í loftinu framan við vængina. Minnti þetta mig á það, sem ég hefi lesið um suma gimfugla (Kolibri), sem geta sogið hunangið úr blómunum án þess að þurfa að setjast á þau, eins og þó býflugurnar gera; hreyfa þessir fuglar vængina svo ótt, að þeir verða ósýnilegir. Minna sá af landinu á þessari útleið en æskilegt hefði verið, því að skýjað var,

gluggabykkn, eins og segir í Grettlu, þeirri sögu, sem betur lýsir veðri en ef til vill nokkur önnur. En gluggarnir voru bæði of fáir og of smáir, og við fengum helst að sjá, hvernig skýin eru á bakið, eins og Þorsteinn Erlingsson kemst að orði; og er það nú annars hreint ekki ófróðlegt, eins og vikið verður að síðar, þar sem segir af ferðinni heim. Tókst þá fremur svo vel um landsýn úr lofti, að frásagnar sé vert.

III

Margs er að minnast frá þessu sumri okkar í Svíþjóð, þó að ferðin væri síður farin til að kynnast fold og fólk, heldur en nokkrum bókum. En ég er í nokkrum vandræðum með, hvað skrifa skuli og hverju sleppa, og hefði mér jafnvel getað komið til hugar að segja ekki neitt af þessu sumri. En ég sé, að það má þó ekki. Það væri nokkurskonar vanþakk-læti. Og vona ég þó að geta gert landi, þjóð og höfuðborg betri skil síðar, þegar mér hefir auðnast að dvelja þar og ferðast við betri ástæður.

Ljósið frá Íslandi skín svo miklu síður yfir Svíum fortíð-arinnar en Norðmönnum, að mikið skortir á, að vér þekkjum þá eins vel. En þó nýtur þar þess ljóss að nokkru. Og mér er til efs, að nokkur rithöfundur hafi eins vel og Snorri lýst því, sem einkum einkennir Svía. Þar var bær mikill og stórkostligr, segir Snorri um bústað þessa mikilúðlega Svía, Þórgnýs Þórgnýssonar Þórgnýssonar. En hann sjálfur var stærri og svipmeiri en nokkur maður, sem „þeir Björn“ höfðu áður séð. Og eins og dálítíl bending um, að satt kunni að vera sagt um þessa Þórgnýsætt, fannst mér það, þegar ég frétti, að fyrir nokkrum árum hefði stærsti liðsforinginn í Sváher heitir Þórgnýr (Torgny); en hæðin var 210 cm. Og um engan bæ á Norðurlöndum býst ég við að menn vilji, fremur en Stokkhólm, segja, að hann hafi á sér svip stórkostleikans.

Nærri lá, að Íslendingur, og það sjálfur Sturla Þórðarson, bróðursonur Snorra, hefði getað sagt oss frá Svíþjóð, á þeim árum, er þessi höfuðborg var sett á stofn, og frá þeim sem það gerði, Birgi jarli. Og er skemmtilega frá þessu sagt í

Sturlungu (IV., s. 147): „Sturla orti um Birgi jarl af Svíþjóð 12 vísnar flokk ok þá þar laun fyrir; var þat kumpáss af baldikinn ok kyrtill hálfermaðr, baldikinn ok skarlat ok ágætt kaprún. En er þeir Magnús konungr og Birgir jarl fundusk, þá færði Sturla drápu er hann hafði ort um Birgi jarl. Þakkaði jarl honum vel kvæðit ok bauð Sturlu upp í Svíaveldi með sér, „skal þik hvárki skorta góða hesta né gangsilfr“, (sagði jarl). Sturla gaf jarli þar fyrir góðar þakkir, „en konungr hefir mér gefit útferðarleyfi til Íslands“ (sagði hann). En konungr leit frá ok brosti við, því at þeir Sturla höfðu eigi um þat talat“.

Mikill er sá skaði, að hinn ágæti sögumaður skyldi vera svo heimfús, að hann vildi ekki þiggja hið góða boð, og erum vér fyrir bragðið mun ófróðari um jarlinn, Svíþjóð þeirra tíma, og hina ungu höfuðborg.

IV

Svo hafa ýmsir ferðamenn sagt, að Stokkhólmur muni vera í tölu allrafegurstu höfuðborga og býst ég við, að mikið sé hæft í því. Koma þar til greina bæði sund og grund, og svo hýsing staðarins. Ég minnist þess einn fagran morgun, er ég stóð og horfði á Strandvägen handan sunds, að mér fannst ég geta skilið, þó einhver hrópaði hátt af hrifningu og aðdáun. Svo stórglaest og gersimleg er sú húsaröð. En þó varð ég víst ekki eins hrifinn af neinu eins og hinni stórkostlegu Vesturbrú. Er hún bæði breið og löng, og ber hátt yfir Lögin, svo að þaðan er viðsýni mikið, og skip geta siglt undir, án þess að siglunum sé hætt. Þar er við annan brúarsporð Högalid, og þangað verður hver að koma, sem til fulls vill geta gert sér hugmynd um, hversu Stokkhólmur er stórkostlegur. Þá er Engilbrektskirkjan eitt það, sem mér fannst sérstaklega mikil ástæða til að undrast. Er hún háreist mjög og stendur þó á háum mikilfenglegum graníthamri. Kom mér í hug, að ef sannleikanum væri slíkt hús reist hér á Íslandi, mundi af því á fáeinum árum geta hlotist svipuð breyting á högum alls mannkyns, eins og ef ferðamanni væri forðað frá að ganga fram af hömrum.

Strömborg heitir hús, sem ég minnist þakklátlega og má ekki láta ógetið. Er það gömul höll, reist á hólma skammt frá hinu glæsilega þinghúsi. Þar eru til húsa skrifstofur íþróttafélaga, en á þakinu er sólbaðsskýli, þar sem ég var tíður gestur, ásamt ýmsum sóldýrkendum öðrum. Ekki var nú að vísu umbúnaður þarna fyllilega samboðinn sœnskum glæsileik, né heldur gagnsemi sóldýrkunarinnar; en þó var þar gott að koma, geta í miðri borginni farið úr fötum þegar sólarhiti var mikill, og fengið sér ágæta kalda steypu. Var vatnið nóg og sá umbúnaður ágætur. Og af þessu þaki var einnig fróðleg útsýn yfir bæinn og hina geisilegu umferð, sem hinir geðugu og vitanlega þaulæfðu menn löggreglunnar stjórnuðu af sannkallaðri snilld. En annars horfir víða í Stokkhólmi til vandræða í þeim eftirnum. Borgin hefir vaxið svo ört, og einkum hinar eldri götur voru ekki ætlaðar slíkum mannfjölda og slíkri umferð sem nú er. Þarna af þakinu mátti sjá yfir á Tegelbacken, þar sem einna fjölfarnast er. Þar er við og við, nokkrar mínútur í senn, stöðvuð umferðin vegna járnbrautarlesti; og sá ég þá eitthvert sinn, að safnast höfðu þarna saman, á þessum fáu mínútum, 20 af hinum stóru og ágætu strætisvögnum, auk annarra vagna og margs gangandi fólks.

V

Mikið mál væri, þó að það sé ekki gert að sinni, ástæða til að skrifa um hið dásamlega Naturhistoriska Riksmuseum, þar sem hin fræga — en þó að vísu ekki nærrí nógu fræga — S. G. U. (Jarðfræðirannsókn Svíþjóðar) er til húsa í einni álmunni, ásamt hinu mikla bókasafni sínu. En hinumegin við hina breiðu steyptu braut er stórkostlegur vísindalegur grasagarður. Er það unga fólk öfundsvert — ég veit, að menn munu ekki misskilja orðið — sem á þess kost, að stunda náttúrufræði með stuðningi slíkra stofnana. Það er eitthvað annað en að verða að láta sér nægja bækurnar einar saman, og þó ekki þannig, að allar séu fyrir hendi, sem þörf er á, heldur vanti margar, en aðrar úreltar, eins og á vorum ungu dögum var. — Ég kom þarna nokkrum sinnum,

en ekki gat ég séð ýmsa af hinum yngri jarðfræðingum, sem mig langaði til að kynnast. En mér gafst þó kostur á að hitta forstöðumann rannsóknanna, hinn merka jarðfræðing dr. Gavelin, og einnig dr. Sahlström, sem umsjón hefir með bókasafninu, en það er um 20 000 bindi, eintómar jarðfræðibækur. Hefði eg viljað dvelja lengur á því bókasafni, með leiðbeiningu dr. Sahlströms, sem auðsjáanlega var þessu safni gagnkunnugur. Ekki gat ég samt, þó að margt væri þarna góðra bóka, fengið að sjá nýgríská kennslubók í jarðfræði, eins og mér tókst heldur ekki (á öðrum söfnum) að fá að sjá nýgríská heimspekisögu. Má þar sjá nokkurn vott þess, að of lítils er þessi þjóð metin, sem byggir landið þar sem einusinni var forustufólk mannkyns vors. Og fátt mundi mér þykja eins gaman og að geta rétt hinni að-brengdu grísku þjóð hjálparhönd. Því að það er ekki rétt, sem þó má sjá haldið fram, að Grikkir nútímans séu ekki að neinu leyti ættaðir frá hinum frægu Grikkjum fornaldarinnar. Ég gat ekki einu sinni fengið að sjá grískt dagblað eða tímarit í hinu mikla bæjarbókasafni í Stokkhólmi, þar sem þó mátti sjá bæði blöð og tímarit viðsvegar af löndum. Ég á auðvitað ekki við annarskonar hjálp til Grikkja af minni hendi en þá, sem fræðimaður gæti veitt, ef orðum hans væri að verðleikum gaumur gefinn. En verði ég lánsmaður í ellinni, mun ég koma til Áþenuborgar, læra vel nýgrísku, og hjálpa Grikkjum til að skilja, hvernig halda má áfram því, sem best horfði í hinum svo dásamlegu fræðum Forn-Grikkja. En ég leyfi mér að halda því fram hiklaust, að heimspekingar síðari tíma hafi haft mjög ónógan skilning á einmitt því, sem allramerkilegast var í forngrískri speki. Mætti jafnvél sýna þetta með tilvitnunum í stóra alveg nýja heimspekisögu, sem ég hefi eignast, eftir ekki minni mann en Bertrand Russel lávarð; en hann er talinn í röð fremstu heimspekinga sem nú eru uppi.

Ein var sú ritgerð, sem ég hafði gert mér vonir um að sjá í hinu mikla bókasafni jarðfræðirannsóknarinnar sænsku, en þó var þar ekki að finna. En þar var það Karólína, sem reyndist mér best. Ritgerðin er í tímariti, sem heitir Bolletino

della Societa di naturalisti in Napoli (Np. 1896) og heitir: Giordano Bruno nella storia della geologia; en höfundurinn G. de Lorenzo. Mig hafði lengi langað til að lesa þessa ritgerð, og mun hafa glaðnað yfir mér, þegar ég hafði hana loks handa á milli, því að ágætur maður, sem með mér var og veitti mér aðstoð sína við að kynnast hinu mikla safni, próf. dr. Dag Strömbäck, tók eftir því, að ég mundi hafa fundið eitthvað, sem mér þótti mikilsvert. Enda var svo. Hrósaði ég happi, er mér hafði þó tekist að læra svo mikið í ítölsku, að ég gat haft greinarinnar full not; en ég býst ekki við, að hún hafi verið þydd á önnur mál. Ég hefi hinum mestu mætur á Brúnó, sem von er til, þar eð hann er sá meðal heimspekinga, sem helst má teljast fyrirrennari minn, og ég er hinum ágæta jarðfræðingi de Lorenzo þakklátur, því að þessi grein hans jók mér enn skilning á því, hversu undursamlegur vitmaður Brúnó hefir verið. En svo segir í grein þessari s. 36: „Bruno passando al di sopra de Descartes (1596—1650) e di Leibniz (1646—1716) si rivela quasi un precursore di Lyell“. Það er: Brúnó var í skilningi sínum á sögu jarðarinnar á undan slíkum höfuðspekingum sem þeir voru Descartes og Leibniz, og verður að teljast fyrirrennari Lyells, þessa mikla brautryðjanda í jarðfræði 19. aldarinnar. Hin fræga bók Lyells, Undirstöðuatriði jarðfræðinnar, kom fyrst út í 3 bindum, 1830—33, en 12. útg. 1876, árið eftir dauða Lyells; en þessi ágæti maður var blindur 3 síðustu ár ævi sinnar, eins og Jules Verne. Ég las 1. útgáfu af jarðfræði Lyells í þýskri þýðingu árið mitt í 4. bekk Latínuskólans, en 10. útgáfuna, sem kom út 1866 í tveim þykkum bindum, árin mín í 5. og 6. bekk. — Til gamans má geta þess, að í sama bindinu og ritgerð Lorenzos, var grein sem heitir: „Intorno ai centri nervosi dell Orthagoriscus“. Parna var sama villan, sem ég hefi einu sinni vakið eftirtekt á; því að þessi skrítni fiskur heitir ekki Orthagoriscus, heldur Orthragoriscus. Var þarna vitnað í margar ritgerðir um þennan fisk, sem allar höfðu nafnið rangt. Virðist ástæða til að halda, að nokkra gaumgæfni hafi þurft til að taka eftir villu þessari, þar sem Ítalirnir, sem eru svo góðir grískumenn, höfðu ekki gert það.

Úr því ég fór að skrifa um bækur, þá er best að ég segi nokkuð meira af því, hversu góð Karólína var mér. Því að fleira varð mér þarna ánægjuefni en að sjá ritgerð Lorenzos. Ég hafði árangurslaust reynt að ná í (á frummálinu) sögu Jules Verne, um ferðina til jarðarmiðju, þessa ferð, sem hinn skemmtilegi höfundur lætur hefjast hér á Íslandi, og íslenskur maður tekur þátt í af miklum dugnaði. Jafnvel Bjarni Guðmundsson, sem þýtt hefir bókina á íslensku, hafði ekki getað hjálpað mér. En Karólína gat. Og þegar ég kom þar að, sem ferðamennirnir sjá skóg, þar sem „skógartrén“ eru þó raunar 10 metra háir sveppir (gorkúlur) — en hveragufur þar nálægt —, þá hló marmennill. Þarna var um að ræða það sem mátti kalla dálítinn vísindalegan sigur. Þetta var einmitt það, sem ég hafði búist við að finna, ef tilgáta, sem í fróðlegra lagi er, væri rétt.

Það verða nú að vísu ekki aðrir en gáfumenn, sem skilja kæti mína, eða þykir þetta mál nokkru skipta; en þar sem ekki þarf að gera ráð fyrir, að aðrir en þeir, sem vel eru viti bornir, lesi bók þessa, skal þetta skýrt nokkuð. Þegar Franchezzo (Frímann) er á ferð í Myrkheimi (sjá hina stórmerkilegu framlífssögu hans í Sannýal), sér hann stóra skóga af hávöxnum trjám, og virðist í fyrstu ótrúlegt, að skógar geti verið þar sem aldrei er bjart af sól. En af lýsingunni á þessum trjám má glögglega skilja, að þarna er um risavaxna sveppi að ræða. En sá gróður þarf ekki sólarljóssins með. Verður í þessu sambandi skiljanlegt hvað það er, sem Jules Verne er að lýsa, og hvert er að rekja upptök þessarar skemmtilegu ferðasögu hans. En það er til fjarskynjana á myrkurhlið jarðstjörnu með bundinn möndulsnúning. (Þ. e. stjörnu, sem alltaf snýr sömu hlið að sól sinni, svo að þar er alltaf dagur öðrumegin, en nótt hinumegin). Og sama er að segja um sögu Rice Burroughs um ferðina að jarðarmiðju, (sem nú er að koma í Morgunblaðinu hér). Skáld eins og Jules Verne og Rice Burroughs eru vitranamenn, sem fjarskynja eitt og annað héðan og þaðan úr heimi, og byggja á því sögur. Fjarskynjanin er sama eðlis og þegar Sweden-

borg „sá“, staddur í Gautaborg, bruna mikinn í Stokkhólmi.

Fleiri bækur sá ég þarna hjá Karólínu, sem mér hafði verið mikill hugur á að geta haft handa á milli. Var þar ein „Le Sommeil et les Réves“ (Svefn og draumar), 2. ed. Paris 1862, 426 s., eftir Alfred Maury, meðlim vísindafélagsins franska. Maury var frábær vitmaður og ritsnillingur, og varð þessi bók hans til að glæða mjög áhuga á eðli svefnsins, og þó einkum draumanna, svo að miklu meir var um það efni ritað eftir en áður. Maury hefir einnig ritað um jarðfræði, svo að það er ekki eins dæmi, að áhugi á þessu tvennu geti farið saman.

Äðra bók sá ég þarna, miklu yngri, sem ég hafði lengi árangurslaust reynt að ná í, til eignar eða láns. Heitir hún „The World of Dreams“ (Veröld draumanna), en höfundurinn er hinn frægi sálfræðingur og læknir Havelock Ellis. Einkunnarorð fyrir bókinni eru „Sleep has its own world“, og má til sanns vegar færa. Á s. 214 vitnar höfundur í ritgerð eftir Sir Samuel Wilks, sem er í Medical Magazine, febr. 1894, og heitir „On the Nature of dreams“ (Um eðli drauma). Segir þar: „The dreamer merely forms a mental picture: dreymandinn býr aðeins til mynd í huga sínum“. Og er það vel athugað, ef með því er átt við það, að draumurinn sé meir (eins og) skynjun, en hugsanir. En rangt er það að dreymandinn búi sjálfur til myndirnar. Þá eru (s. 264?) mjög eftirtektarverð orð um „the resemblance of the child's psychic state to the dream state“. Líkingin er sú, að barnið veit lítið um samhengi þess, sem því ber fyrir augu; og um sofandann er, þó að fullorðinn sé, vanalega sama að segja; samhengið í því, sem honum (eins og) ber fyrir augu í svefni, er vanalega miklu minna en í vöku. Þá er stórfróðleg athugasemd á s. 264: „Thus Rachilde writes: „I would often ask myself if I had not an existence in two forms: my waking personality, and my dreaming personality“. Hinni gáfuðu konu kemur í hug, hvort hún sé ekki í rauninni tvær persónur, önnur þegar hún vakir, en hin þegar hún sefur. Og má

segja, að þar sé hinn svo afarþýðingarmikli sannleikur um draumgjafann að gægjast fram..

S. 278 segir höfundurinn: „Dreaming is thus one of our roads into the infinite“. Þ. e. að það að dreyma sé ein leiðin til að komast út í óendanleikann: og eru það eftirtektarverð orð, þó að skáldleg sé sú skýring miklu fremur en vísindaleg. En óyggjandi vísindi eru það, að skilningurinn á hinu sanna eðli draumlífsins getur orðið öllu mannkyni sú hjálp, sem dugar til að komast á afarmerkilega leið. Hinir ágætustu menn hafa, á þessum síðari áratugum, oft orð á því gert, hversu bagalegt það sé, að líffræðinni hafi ekki miðað líkt því eins vel áfram, og þekkingunni á hinni líflausu náttúru. Má t. d. nefna það, er hinn ágæti stjörnufræðingur og rit-höfundur Camille Flammarion segir um síðustu aldamót, að í líffræðinni sé ekki lengra komið en svo sem svari til þess, er í stjörnufræðinni varð með Kóperníkusi (dó 1543). Og er þó ennþá miklu meiri ástæða til að harma þennan áhalla nú, þegar kjarnorkusprengjan er komin til sögunnar, fyrir hinar stórkostlegu framfarir í efnafraði og eðlisfræði. Á þetta sinn mikla þátt í því, að framúrskarandi vísindamenn hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni, að mannkynið sé nú á glötunarbarmi. En uppgötvunin á eðli draumlífsins, þ. e. sambandi lífveranna á hinum ýmsu jarðstjörnum alheims-ins, sýnir glögglega, hvaðan hjálpar er að vænta. Vér sjáum nú fram á, hvernig má, með tilstyrk hinna nýju liffræðivísinda, á skömmum tíma breyta mannkyni jarðar vorrar í svo miklu vitrari liftegund en nú er, að fullkomlega verði fram-farahæf.

ENN má nefna mikla bók um drauma, sem ég sá á bæjar-bókasafninu í Stokkhólmi. Er hún eftir Ignaz Jezover og heitir: Das Buch der Träume (733 s.), Berlín, 1928. Er þar skemmtilega sagt frá draumum margra merkismanna; en um skýringu á eðli draumlífsins er þar ekki að ræða.

Meðal bóka, sem ég sá á söfnum þarna, og mig mundi mikið hafa langað til að geta kynnst í æsku, eða öðrum slíkum, voru sérstakar orðabækur yfir latinu Cicerós, Tacitusar og fl., og grísku Heródóts, Púkýdíðesar, og enn annarra.

Virðist mér ekki ólíklegt, að ég mundi hafa getað orðið vel að mér í þeim málum, ef slíkra hefði þá verið kostur; því að hugurinn á að læra var mikill. Þykir mér yfirleitt illt til þess að hugsa, að ástæðurnar til að menntast skyldu ekki vera betri á þessum æskuárum. Það hefði verið svo mikilsvert, að geta bæði fyrr og betur orðið fær um að bera fram sumt það, sem menn hafa ekki gert sér nógu ljóst ennþá á Norðurlöndum, og allt eins mátti búast við, að ljós fengist yfir frá Íslandi fyrst, þar sem einu sinni var mesta fræðastöð norrænna þjóða, og þar sem að vísu enn getur orðið sá viti, er sýni, hvernig mannkynið getur komist á rétta leið, þó að allmikil tvísýna sé um það mál ennþá, og ýms íslensk mennинг allmjög á afvegum.

VI

Mikla stund lagði ég á að virða fyrir mér fólkið, sem yfirleitt er gjörfulegt og yfirbragðsmikið, svo að óvíða mun vera betur. Það sem einkum einkennir mörg andlit, er dugnaðarsvipurinn, enda ber sjálf borgin það með sér, að þar býr duglegt fólk. En oft hefir mér komið í hug, þegar ég geng um í stórborg, og einnig þarna í Stokkhólmi, hversu fólkið er í rauninni sundurlaust og ósamstillt, þó að vér, sem utan-að komum, lítum á það sem nokkurskonar heild. Og ekki er annað hægt en fara að hugleiða, hvernig samstilling um nokkrar undirstöðuhugmyndir í lífernisfræði, sem ennþá vantar, að mestu leyi, mundi margfalda hugarorku og afkastamátt mannfjöldans. Og ekki einungis það. Þegar tekist hefir að komast á hina réttu leið, þá verður enginn útundan, enginn, sem ekki er bæði skemmtilegur að sjá og eiga samvistir við. Og nógu skrítið er að gefa því gaum, að hjá sönnu framfaramannkyni verður ekki svo mjög hægt að segja, að einhver sé afbragð annarra manna eða framúrskarandi; því að allir verða á svipuðu gjörvuleikastigi.

Mjög gestkvæmt var í Stokkhólmi þarna um sumarið, og kom það óheppilega fram í því, að erfitt gat verið að fá inni. Meðal gestanna voru ýmsir Íslendingar, eins og kunnugt er, og mátti á blöðum sjá, að eftir þeim hafði verið tekið, bæði

glímumönnunum, leikfimisflokknum og hundrað ára stúdentunum, þar sem vitanlega stúknanna var sérstaklega getið. En meira hygg ég þó, að í Svíþjóð muni þykja til Íslendinga koma seinna, þegar menn vita betur en nú, hversu mikið Norðurlönd eiga Íslendingum að þakka, og þeir sjálfir hafa hinsvegar betur en orðið er ennþá, áttað sig á því, að hve miklu liði íslenska þjóðin getur enn, þótt fámenn sé, orðið frændum sínum á Norðurlöndum. En það er enginn vafi á því, að Norðurlöndin verða, ef norræn menning á að geta náð fullum þroska, að hrinda nokkrum útlendum áhrifum, sem of rík hafa reynst, og að íslenskrar hjálpar verður þar við að njóta, ef duga skal.

Meðal gesta, sem í blöðum var getið, þóttu mér einkum eftirtektarverðir Ameríku-Sviarnir, sem voru að koma í sumarheimsókn til gamla landsins. Voru þar ýmsir, sem frægir komu og auðugir, þótt félitlir hefðu farið og ókunnir. En langfrægastir þessara gesta voru þó tveir, myndhöggvarinn Milles, nú gamall orðinn, og kvíkmyndadísin Greta Garbo; og var þeirra þó mikill munur. Því að leikonan var talin allra Svína frægust, og kom þar fram nokkuð, að jafnvel hjá eins stórri og mikilli þjóð og Svíar eru, verður drýgst til frama það orð, sem menn hafa fengið á sig í útlöndum. Mátti af því, sem eftir Milles var haft, marka, að hinn aldr-aði listamaður væri nokkuð bölsýnn orðinn, og virtist honum svo sem það eina, sem hefði nokkurt varanlegt gildi í þessu jarðlifi, væri myndlist slík sem hann stundaði. Eftir Gretu Garbo var ekkert haft af því tagi; hún sagði ekki eitt orð til að halda fram leiklistinni almennt, eða kvíkmyndalist í Hollywood sérstaklega. Og þótti mér þó ennþá furðulegra, að henni var ekki í blöðunum hrósæd fyrir, hvað hæversk hún væri og lítið sjálfhælin. En það er annars það vanalega, að blaðamenn láta í ljósi mikla aðdáun á því, hvað þeir sem mjög frægir eru og viðurkenndir, geti verið yfirlætislausir — rétt eins og þeir hafi engan grun um, hvernig slíkt er við vaxið. En frægð Gretu Garbo má marka af því, að átta hinir eflustu menn lögreglunnar voru settir til að vernda leikkonuna fyrir aðdáendum sínum. Er slíkt nokkur bending um,



Dr. Helgi Pjeturss og Anna Pjeturss í Dölu.

að þar sem ekki er komið á hærra greindarstig en vér erum hér á jörðu ennþá, muni það geta verið blandin ánægja að vera mjög frægur.

Svo var að sjá af því, sem í blöðunum stóð um þessa Vestur-Svíá í sumarfríi, að margir þeirra, sem leituðu vestur til að afla sér fjár og frama, hefðu dugað mjög vel. En ef ég man rétt, þá sá ég þess ekki getið, að neinn Svíi eða Svíaniðji hefði áunnið sér stórfrægð sem rithöfundur vestur þar.

VII

Um miðjan júlí fórum við frá Stokkhólmi til bæjar þess í Miðdolum, sem Leksand heitir, og er við vatnið Siljan, þar sem elfan rennur úr því. Var þar fyrir margra hluta sakir fróðlegt að vera. Sand þann hinn mikla, sem hér er í jarðvegi og bærinn dregur nafn af, mun vera að rekja til þess, að fyrir nokkrum þúsundum ára var þarna sjávarmál við allmikinn fjörð, er gekk vestur úr Eystrasalti. Eru fjörumörkin efstu rúnum 200 metrum ofar en sjávarmál það, sem nú er. Miklu ógreinilegar koma þessar jarðsögumenjar þarna fram í landslaginu, en vera mundi á Íslandi, og veldur því hinn mikli skógargróður, sem frá jarðfræðilegu sjónarmiði er allt annað en æskilegur. Ég var snemma á fótum, morguninn eftir að við komum, og gekk yfir hina fögru brú, sem þar er hátt uppi yfir ánni, og yfir í sveitina, sem þá tók við. Voru þar tún nokkur og akrar á báðar hendur, þó að mest væri um skóg. Veðrið var ágætt og fagurt um að litast. Jurt sú sem mest bar á þarna meðfram veginum og annars öllum skógarvegum héraðsins, var eyrarrós, mjög miklu stórvaxnari en eyrarrósin íslenska; en allmiklu ófríðari virtist mér hún. Furðulítið sá til fólksins í sveitinni og mun valdið hafa, að heyskap var lokið, en kornskurður ekki byrjaður. Ég fann, niður við vatnið stað, þar sem ég gat synt og tekið mér sólarbað (með þáttöku geisilegrar flugnamergðar þó); en sí ánægja varð ekki langvinn. Þegar við höfðum verið þarna 4 nætur á gistihúsi, er okkur sagt, að nú verðum við að fara, herbergjunum lofað á tilteknum degi. Vikur þar að erfiðleika á sumarferðalagi í þessu ágæta landi, sem varð þess

valdandi, að við fórum ekki eins víða og annars mundi hafa orðið, hættan á að geta hvergi fengið að vera, er svo mikil. Loks gátum við þó fengið gistingu þar sem heitir Långbergs-gården, nálægt Siljan. Er sá bær uppi á hæð, nálægt 280 m yfir sjó; en við sjálft vatnið, eða miklu neðar og nær því er smábær, sem heitir Tällberg. Og var að vísu gott að vera þarna á Langholtinu, og væri rangt í því sambandi að nefna ekki frk. Jungbeck, sem létt sérvísu um, að vel færí um okkur. Minnti þessi kona mig í framkomu helst á frú Guðrúnu, ekkju Þorsteins Erlingssonar; og er þá langt til jafnað. Sólarbaðsbyrgi var þarna, sem ég notaði vel, og marga stund gekk ég á vegum og stígum hinna miklu skóga, og hugsaði margt. Mest er þarna af barrtrjám, furu og greni, en allmikið þó af björk, og var hinn hvíti börkur á þeim fegurstu, dásamlegur, enda hefir trjátegundin nafn sitt af berkinum: „björk“ þýðir hið bjartatré. En ekki getur í þessum sveitum að líta fjarblá fjöll við skínandi jöklar, né heldur hina yndislegu fagurgrænu hvamma, sem svo mjög geta prýtt landslagið íslenska; og er þá einnig mikill munur á valllendisfegurð sleginna túna, þar og hér. Og vatnið í Siljan er brúnt á lit.

Oft kom mér í hug, er ég virti fyrir mér náttúruna þarna, hversu íhugunarverður hann er, þessi mikli munur á dýralífi og gróðri, sem verður af því, að sólin kemst dálitið hærra á loft þarna í Dölum en hérra á Íslandi; og er þó sérstaklega eftirtektarvert það, hversu þessi aukni kraftur og marg-breytileiki jurta- og dýralífs, er ekki nema að sumu leyti skemmtilegur. Þarna er t. d. miklu meira flugnalíf en á Íslandi, og summar þær flugur miklu erfiðari bæði mönnum og skepnum en íslenskar. En ekki kemur hið öflgara skordýralíf þarna þó eingöngu fram á óskemmtilegan hátt. Þarna mátti t. d. sjá hin prýðilegustu fiðrildi, mjög miklu framar því, sem af slíku er að sjá hér á Íslandi, þar sem ekki eru til nein dagfiðrildi. Langfegurst fiðrildanna, sem þarna gat að líta, var það, sem náttúrufræðingar nefna Vanessa antiopa, nærrí því eins og dálítill skritilega skemmtilegur fugl, sem flögraði með yndisþokka yfir túnum og skógarjöðrum. Er

það næststærsta fiðrildi Svíþjóðar, en fallegra heldur en það, sem stærst er, Papilio machaon minnir mig það heiti, og sást það ekki þarna. En þessi Vanessa kom mér til að hugsa um, hvernig mundi vera að sjá hitabeltisfiðrildin, sem bæði eru miklu stærri og litfegurri. Sum fiðrildin eru svo lík visnandi bjarkarblöðum, þar sem þau sitja með uppréttu, samanlagða vængi, að komið getur fyrir, að það sem maður helst hafði haldið birkiblað, fljúgi upp, þegar skoðandinn beygir sig niður til að ganga úr skugga um, hvort sé. Og ef til vill er þessi líking fiðrildinu til verndar.

Ein sú skepna, sem mér þótti alltaf gaman að sjá, og mikið er um þarna í skógunum, var íkorninn. Þetta vel eygða litla dýr er mun mykra og þokkalegra í hreyfingum heldur en jafnvel köttur, og hleypur upp í topp á hinum hæstu trjám, eins og ekkert væri auðveldara. Snorri Sturluson hefir af frábærri snilld lýst íkorna, þar sem hann segir (í Ólafs sögu helga) frá veiðiför Atta hins dælska á Vermland (Hkr., s. 250). Atti „hafði fylt skíðsleða sinn svá sem mest gat hann flutt eptir sér“, en hann ætlaði samt að bæta við sig „einum íkorna sem hann sá í viðinum“ og segir svo af þeirri tilraun sem hafði svo illar afleiðingar fyrir Atta: „en íkorninn fór jafnan þar sem þróngstr var skógrinn, en stundum í viðarræturnar, stundum í limar upp; þá sigldi hann milli limanna í annat tré. „Fór svo, að ekki gat Atti veitt þann íkorna.“

Ég á dálitið skemmtilega endurminningu í sambandi við þetta snotra dýr. Við vorum að skoða dýragarðinn í hinum mjög fræga skemmti- og fræðistað í nágrenni Stokkhólms. Þar halda sig í trjánum nokkrir íkornar, sem vanist hafa á að koma niður og sníkja brauð af gestum, sem að þeim garði ber. Koma þeir niður á jafnsléttu og biðja annars mjög hæversklega um brauð, sitjandi á afturfótunum. Gefst þá gott færi á að virða fyrir sér hið furðulega skott, sem kemur þeim að svo góðu haldi við loftsiglingar þær, sem Snorri getur um. Eitt af þessum snotru dýrum tók það til bragðs, að stökkva upp eftir mér. Sá ég ekki að neinn annar gestur þarna yrði fyrir slíku. En mér þótti gaman að þessu, virti

það svo sem hið litla dýr hefði með þessu tiltæki sínu sýnt mér traust nokkurt, svo sem því litist þannig á mig, að ég mundi vera dýravinur. Og má það til sanns vegar færa. Ég gæti t. d. ekki hugsað mér að gera mér það til gamans að drepa dýr, og ég vildi óska þess, að Íslendingar færu ekki að stunda hvalaveiðar, jafnvel þó að slíkt væri vitanlega ekki til gamans gert, heldur af því sem menn telja nauðsyn. En svo þarf ekki að vera fyrir Íslendinga. Menn eiga þeir að veiða en ekki hvali, og gæti sú veiði orðið þeim miklu haganlegri heldur en hin veiðin, jafnvel þó að þeir yrðu slíkir hvaladráparar sem frændur vorir Norðmenn. Ef landar mínr vilja mín ráð þiggja, skal eg kenna þeim hvernig þeir geta veitt menn þannig, að til hinnar mestu blessunar verði fyrir land og lýð, og þá vitanlega einnig fyrir þá sem „veiddir“ væru. Því að „veiðin“ mundi verða í því fólgin, að það yrði kunnugt víða um lönd, að á Íslandi væri eftir einhverju mjög mikilsverðu að sækjast. Og að vísu getur svo orðið. Því að hér á landi getur orðið, fyrst um sinn, mun auðveldara um samband við frændur vora í alheimi upp á við, en í nokkru landi öðru. En svo víkur við, að það samband verður að takast, ef ekki á menning og mannkyn á þessari jörð að líða undir lok. Og ekki mundi langt vera eftir íslenskrar sögu né heldur gott, ef ekki tekst að fá íslensku þjóðina til að átta sig á því hlutverki, sem henni er ætlað í sögu jarðar vorrar. En það er að eiga upptökin að björgun mannkynsins. En sé sá einhver, sem heldur, að litið mark sé takandi á orðum manns, sem fyrst og fremst hefir varið ævi sinni til að leita sannleikans, þá vil ég minna á nokkur orð, rituð fyrir 20 árum — fátt í rúmri viku — og lesa má í Ennýal, s. 180—81: „Hætturnar verða því stærri, því lengur sem það dregst, að sannleikurinn sigri. Og ef það drægist fram til miðrar þessarar aldar, þá mundu verða verri tíðindi en nokkur, sem orðið hafa enn í sögu mannkynsins.“

Ég hygg að enginn sé sá, er treystast muni til að halda því fram, að þetta hafi ekki sannspá reynst. —

En svo að ég víki aftur að dvöl okkar í Dölunum. Einn daginn, sem við dvöldum þarna að Langholti — sem heitir

nú raunar ekki svo, því að Långbers er mannsnafn — kom þarna í fyrirtaks vagni, maður sem kvaðst hafa frétt, að hér væri jarðfræðingur, sem kynni að vilja líta á sitthvað jarðfræðilegt þar í héraðinu, og bauð þar til aðstoð sína. Var þetta í sannleika gestrisnislega boð þessa ágæta manns með þökkum þegið. En þetta var herra Andersson, sem átti kalknámu þarna ekki allfjarri, en þó fjær en svo, að ekki væri betra að geta orðið vagns aðnjótandi. Og í kalknámu þessa ágæta manns, sem um 100 manns vinna við, átti ég góða stund, er ég horfði með hrifningu á hin mjög bognu kalklög og hugsaði um, hvers konar sögu þau segja. Ég varð ekki annað sinn í allri ferðinni jafnhrifinn og þarna í grjótnámunni, nema uppi yfir norsku fjöllunum, í heimleið, eins og síðar segir nokkuð af. Hr. Andersson létt nú ekki við þetta sitja, heldur bauð mér að láta systurson sinn, sem er verkfræðingur og jarðfræðingur sýna mér meira af jarðfræði héraðsins. Og leið ekki á löngu áður þessi ungi maður, sem heitir Bergmann og mér féll undireins mjög vel við, kom þar. Sýndi hann okkur meðal annars Styggforsen, sem að vísu er svo réttnefndur, svo ófríður sem hann er, því að þar spýtist fram vatn, sem er í orðsins fyllstu merkingu mórautti, þar sem það eru mókenndar jurtaleifar sem valda þessum ljóta lit. En bergið við fossinn er hátt og fróðlegt. Það var ekkert auðvelt að komast þarna að, og ég var ekki áhyggjulaus vegna dóttur minnar, þar sem mér virtist þetta beinlínis hættuför, á vanalegum háhæluðum kvenskóm. En hún vildi nú ekki annað en koma þarna að fossinum með okkur.

Blómlegar virtust þessar byggðir sem við ókum um, en þó er það ekki túnrækt eða akuryrkja, sem sú velmegun byggist á, heldur skógurinn, og að ekki óverulegu leyti einnig grjót-ið, sílúrkalksteinninn. Ósköpin öll má sjá af þesskonar grjóti í Stokkhólmi, og ekki þó svo að skilja, að borgin sé á þesskonar bergi reist, heldur er það í húsunum, stigum, gólfum o. fl. Er það grjót auðþekkt á leifum hinna skríti legu dýra, sem oft má sjá þar, gegnum sagaðar eða klofnar; voru þau dýr skyld nokkuð smokkfiskum síðari tíma. En 3—400 milljónir ára a. m. k. eru liðnar síðan þessi einkenni-

legu dýr voru á sundi í úthöfum, sem nú eru ekki til. Kom mér í hug, að gaman hefði verið á æskuárum að fá að reyna vit sitt og þrótt á því að skilja og skýra þá sögu, sem þessi berglög og leifarnar í þeim segja þeim, sem lesa kunna í bók náttúrunnar. En nú í ellinni er viðhorfið annað. Nú hugsa ég meira um framtíð lífsins hér á jörðu, en fortíð, og að vísu af mjög knýjandi ástæðum. En þó vona ég að geta gefið mig nokkuð að jarðfræðinni aftur, ef ég verð gæfumáður nokkur elliár. En hvort það verður er alveg undir greind og góðvild samferðamannanna á þessari lífsleið komið. Hjá helstefnumannkyni er flest annað vænlegra til gæfusamlegs lífs en það, að meta sannleikann svo mikils, að menn vilji, öðru fremur, verja lífi sínu til að leita hans. Og sanna það ótal dæmi úr sögu mannkyns vors. En nú virðist ekki alveg ólíklegt, að á þessu kunni að verða breyting til batnaðar.

VIII

Gott bókasafn var þarna á bænum (Långbersgården), og las ég þar margt, m. a. alllanga ritgerð um Linné, sem ég dáist vitanlega mjög mikið að, eins og allir, sem nokkuð hafa við náttúrufræði fengist. Linné var fjörmaður mikill á yngri árum, og göngugarpur. En hann vann úr hófi fram, tók t. d. daginn kl. 3. Segir hann svo sjálfur frá, að hann hafi nálægt hálffimmtugu verið orðinn eins og útslitinn öldungur. Svo farinn var hann að heilsu og kröftum, að hann, sem hafði verið svo léttur í spori, varð að draga fæturna þegar hann gekk. Tók hinn mikli grasafræðingur það þá til bragðs, að hann nærdist um mánaðartíma ekki á öðru en jarðarberjum. Og við þetta brá svo, að hann kveðst hafa orðið eins og nýr maður. Preytan hvarf og ellimörkin. Ég fór að hugsa margt, þegar ég las þessa sögu um hinn undursamlegu áhrif jarðarberjanna á heilsu hins mikla vísindaskörungs. En þannig stóð á því, að mér fannst þetta svo mjög íhugunarvert: Ég hafði haustið 1944 marist í baki þannig, að af leiddi erfiða verki undir herðablaði og í vinstri axlarlið, svo að ég gat ekki rétt upp handlegginn, og gerði þó einnig hægri axlarliðurinn nokkurt samlætisverkfall. Var batinn

seinn. Nú vildi svo til, að er ég hafði verið rúman mánuð í Svíþjóð, hafði mein þetta lagast meir en á 12 mánuðum heima. Ég hafði nú að vísu þakkað þennan meiri bata nokkuð því, að eftir að út kom hafði ég lifað langmest á aldinum, en taldi þó, að sólskinið og hinn jafni hiti, dag eftir dag, ásamt fleiru, ætti fullt svo mikinn þátt í þessum aukna bata, sem viðurvärið. Nú fór mér að virðast sem ég mundi ekki hafa vaknað nægilega við þýðingu ávaxtanna í þessu efni. Ég hafði að vísu lifað á perum mest, en einnig talsvert á jarðarberjum, og fór nú að hugsa, hvort ekki mundi heilsufars- og læknингagildi aldina þessara mjög vanmetið ennþá. Var ég frk. Jungbeck, sem ég hefi getið áður, mjög þakklátur fyrir það, hversu annt hún lét sér um, að ég fengi jarðarber meðan þeirra var kostur. Og ekki hefir trú mín á kostum jurtafæðis minnkað við þetta. Hefi ég að vísu síður haldið þessu fram en ég mundi gert hafa, ef ég væri ekki bændavinur; og ég býst við, að mönnum mundi þykja óvænlega horfa hér á landi, ef gersamlega væri hætt að eta kjöt og fisk. En nú veit ég, að engu þyrfti að kvíða um þjóðarbúskapinn, þrátt fyrir það, ef Íslendingar aðeins vildu færa sér í nyt hversu góðar ástæður þeir geta haft til að laða gesti. Eins og áður hefir verið vikið á. Menn ættu að reyna að gefa því gætur, sem raunar greinilegt er, hvernig engu er líkara en því, að forsjónin — svo að þannig sé að orði komist — hafi lagt sérstaka alúð við að hjálpa þessari hrjáðu og fátæku þjóð, til að rétta við, svo að hún geti fremur gegnt mannkynshlutverki sínu. Þjóðin verður að læra að haga sér ekki þannig, að ómögulegt reynist að koma þeirri hjálp fram til fullnustu. Jafnvel guð sjálfur getur ekki hjálpað þeim, sem er of heimskur eða illa innrættur, hefir vel sagt verið. En það verður að bæta því við, að guð getur ekki hjálpað þeim, sem gott verk er að vinna, ef ekki er annað til móts en ógreind og illgirni. Eru þess mörg dæmi í mannkynssögunni, að engir hafa verið ógæfusamari en einmitt þeir, sem voru að reyna til að styðja tilraunir guðanna til að koma þessu helstefnumannkyni jarðar vorrar á hina réttu leið tilverunnar.

IX

Fleira las ég þarna um Linné, sem frásagnar er vert, og er þar eitt, dæmi úr Lapplandsferðasögu hans, sem sýnir, hvernig trúin getur heimskað jafnvel hinn ágætasta gáfu-mann. Linné tekur eftir því, að ein einstök stingfluga (kleggi, Broms, Tabanus bovinus) eltir áburðarhrein hans allan daginn; og hinn ágæti athugandi sér glöggt hvernig á því stendur. Illkvíkindi þetta er komið alveg að varpi, og hann getur jafnvel séð, að hið örlistla hvíta egg er komið alveg fram í stingbroddinn; og tilgangurinn er så að koma egginiu innundir húð hreinsins. „Jag hadde — segir Linné — min största fägnad att se hela dagen igenom denna flugan såsom minträna följeslagare ofta tröttna upp förän jag, särdeles om luften var kall. Hon var så varsam och rädder om sitt ägg, att hon ingalunda tordes släppa det ifrån sig ned på renen, om han icke stannade och stod stilla“.

Það virðist dálítið undarlegt, að ágætismaðurinn Linné fagnar fylgd illkvíkindis þessa, sem svo kvelur skepnurnar, og alþýðutrúin hefir jafnvel talið líklegra að andskotinn hafi skapað heldur en guð. En svo heldur hann áfram: „Här kunde man med förundran skönja Skaparens stora mästerstycke“. Hann undrast hið mikla meistaraverk skaparans. „Gud tillagat en ymning föda för deras små ungar hela vintern igenom, den de få av renens varma blod som ett foster i sin moders kved. Huru Gud innästlat dessa usla kräken i vinterläger“, o. s. frv.

Linné dáir Guð fyrir það, hvernig hann hefir innrætt stingflugunni að sjá afkvæmi sínu borgið með því að koma því svo fyrir, að það geti lifað á blóði hreindýrsins. En af þessu hljótast hin illræmdu stingflugukýli (Bromskulor), sem kvelja dýrin mjög. Linné lýsir því ágætlega, hversu hræddar aumingja skepnurnar eru við þessa kvalara sína, stingflugurnar; en þó vegsamar hann Guð fyrir að hafa komið þessu þannig fyrir. Það virðist þó ekki vera nein leið til að samrýma þetta — og svo ótalmargt annað úr sömu áttinni — þeirri trú, að Guð sé bæði algóður og almáttugur. Menn hafa ekki skilið þetta; en það greiðir nokkuð fyrir

skilningi, ef menn átta sig á hinum tveim stefnum framvindunnar. Helstefnan er þar sem Guð er ekki farinn að ná til ennþá, nema að nokkru leyti. Swedenborg segir, að mannskepnan sé ekki nema illt eina, og þó að það sé óefað ekki rétt hugmynd, þá komumst vér nær skilningi en áður, ef vér gerum ráð fyrir, að sköpun heimsins sé tilraun einhverrar mjög merkilegrar veru til að sigrast á möguleikunum til hins illa. Vandinn er sá, að alfullkomnunin getur ekki nálgast hið ófullkomna, heldur hrekur það frá sér. Eigi hin æðsta vera að geta haft áhrif á hið ófullkomna, verður hún að gera sjálfa sig ófullkomna, þó að á annan hátt sé. Og af því hljótast vandræðin. En á þeim afarerfiða þætti vandræðanna, sem stafar af heimslögmáli magnanarinnar, hefir enginn skilningur verið til. Samstillingin er svo afarþýðingarmikil í því efni. Milljón samstillt illmenni, og raunar þó að miklu færri væru, geta miklu fremur orðið magnanarinnar aðnjótandi, heldur en einstæðings vitringur og góðmenni. Þess vegna eru svo mjög eftirtektarverð þessi orð, sem Kristi eru eignuð: „Guð minn, hví hefirðu yfirgefið mig?“ Ástæðan er sú, að hinn mikli spámaður er þarna fylgislaus orðinn, og skipað á bekk með stórglæpamönnum. Það er þess vegna sem þessi vera á annarri stjörnu, sem hann hafði kallað föður, og fundist vera sama og hann sjálfur, hættir að geta náð sambandi við hann. Og í þessu sambandi þótti mér einnig íhugunarvert, er ég las í ferðasögu dr. Sigurgeirs Sigurðssonar biskups, þau orð, að sér hefði aldrei fundist hann vera eins nálægt Guði, eins og þarna í Vesturheimi, þar sem kirkjunnar menn eru í mun meiri hávegum hafðir en hér á Íslandi. En þessi munur hefir gert auðveldara þar um samband við æðri staði.


Vandinn hér á jörðu hefir verið sá mestur, að það hefir verið svo miklu erfiðara að fá menn til að vera samhuga og samtaka um það sem gott er. En hinsvegar hafa samtökini hvergi verið öflugri né náð til meiri mannfjölda, en þar sem um hin verstu verk var að ræða, manndráp og rán. En þegar um hinn stærsta sigur er að ræða, sem unnist getur hér á jörðu, sem er að breyta frá helstefnu til lífstefnu, þá þarf

einnig mikið lið, jafnvel milljónalið. En erfiðleikarnir eru þar svo miklir, af því að þar er engri kúgun beitt, heldur aðeins leitast við að fá menn til að færa sér í nyt ljós sannleikans.

X

Ég hefi áður vikið að erfiðleikum þeim, sem voru í þessari ferð okkar, á að fá gistingu. Hlutust af því nokkur óþægindi stundum, þrátt fyrir þakkarverða aðstoð sendiráðsins. Og nú, þegar kom aftur til Stokkhólms úr sveitinni, hefði einu sinni lent í því sem kalla mætti full vandræði, ef ekki hefði frú Wennerberg bjargað. Það var kona, sem gott var að kynnast, góðvild hennar og hugulsemi var svo framúrskarandi. Hún var, að því er ég hygg, ekkja, sem hafði átt gott heimili, sem henni hafði þó tekist að þurfa ekki að yfirgefa. Og nú var sonur hennar, sem lokið hafði verkfræðiprófi, kominn í góða stöðu, og náfrænka hennar og fóstra, frk. Gun, tiltakanlega snotur stúlka, sem tekið hafði stúdents-próf, vann einnig vel fyrir sér, og var nú að bæta við sig kunnáttu í spönsku. En „börnunum“ kynntist ég ekki fyrr en í kveðjuboði, sem frú Wennerberg hélt okkur kvöldið áður en ég lagði á stað heim. Frk. Svanhildur Ólafsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi, sem, okkur til happs, átti nokkurra daga dvöl í Stokkhólmi á leið til Moskva, og Anna dóttir míni, kynntust í fyrstu frú Wennerberg meira en ég, og létu mikið af hvílik kona þetta væri; og sá ég, þegar ég sjálfur kynntist frúnni, að þær höfðu síst ýkt. Þar var það innræti, sem ekki var hægt að villast á. Sagði ég við frúna, er við kvöddumst, það sem mátt hefði misskilja, ef við hefðum bæði verið nokkru yngri, að ég mundi ekki gleyma henni. Og sá sem hefir eins mjög og ég fengið að kenna á óhræsis-skap og kæruleysi, hefir í besta lagi skilyrði til að kunna að meta það, þegar hann hittir fyrir það innræti, sem þessu er alveg gagnstætt.

Ég má, í þessu sambandi, heldur ekki gleyma að geta íslenskra hjóna, sem einnig lögðu okkur nokkurt lið í hús-næðisvandræðunum, og mjög gott var að heimsækja, frú



Dr. Helgi Pjeturss í Uppsöldum.

Birnu og Geirs Stefánssonar málfærslumanns. Kom mér þetta nú að vísu ekkert á óvart að því er frúna snertir, því að henni hefi ég verið kunnugur lengi; en manni hennar hafði ég ekki kynnst fyrr en þarna í Stokkhólmi. Enginn getur efast um, að Geir Stefánsson er tiltakanlega duglegur maður; en mér virtist hann einnig vera í tölu þeirra góðu drengja, sem oss virðast eiga alla velgengni skilið. Það var fagurt um að litast þarna við Framnäsvíken, þar sem þessi góðu hjón eiga heima, og húsið, sem þau höfðu alveg fyrir sig ein, er réttast að kalla slot, svo rúmgott var það, vel byggt, og mikið um marmara.

XI

Skal þá að endingu sagt nokkuð af heimferðinni. Anna dóttir mína var ekki með mér á heimleid, en hún hafði annars haft vit fyrir mér í ferðinni, ef svo mætti að orði komast. Anna er bráðgreind stúlka, og góð dóttir, og væri ekki rétt af mér að láta hana gjalda svo skyldleika við mig, að geta þessa ekki.

Sunnudaginn 29. sept. var lagt upp frá Stokkhólmi í hinnum ágæta „Skymaster“ Östan. Farþegar voru víst 38. Veðrið var skínandi og yfirsýn hin ágætasta, þegar flogið var yfir Svíþjóð og Noreg, til Stafangurs, því að þar lentum við, þó að ekki væri fórinni þangað heitið, þegar lagt var upp. Að sjá norsku fjöllin úr loftinu í slíku skyggni var eitt það allrabesta, sem fyrir mig kom í ferðinni. Það sást svo vel hvernig í fjöllunum lá, hvernig jarðlögin höfðu ýtst saman og margvíslega undist. Og mjög glögga hugmynd mátti fá um það, hve geisimikið af grjóti hefir þarna eyðst ofanaf; því að þetta fjalllendi, sem flogið var yfir, er ekki annað en það, sem nefna mætti ræturnar undan geisimiklum fjallgarði, sem hófst upp á þessu svæði fyrir milljónum alda, en loft, vatn og skriðjöklar hafa nú nagað niður í rætur. Mjög greinilega mátti sjá, að skriðjöklar höfðu verið þarna stórvirkir og sett sitt mark á landið. Mátti glögglega kenna, hvað til var komið í landslagi síðan skriðjöklar hurfu þarna af síðast. Og var það að vísu mjög lítið, að tiltölu, þó að þús-

undir ára séu liðnar síðan skriðjökull hefir nagað þarna um. En mér kom í hug, hversu fróðlegt svona flug mundi geta verið, ef ekki væri flogið til þess eins, að komast staða á milli, heldur til að fræðast, og þá með tilsogn þeirra, sem vel hefðu kynnt sér þetta land og jarðfræði þess.

Það var vegna einhverrar bilunar, sem lenda varð í Stafangri, og má það happ teljast, að fá þannig færni á að ganga á norskri grund, og kynnast bæ Kiellands. Er þar líkneski af honum niður við höfnina, sem fá má af góða hugmynd um, hve glæsilegur þessi ágæti snillingur var og mikil að vallarsýn. Hinn stórkostlegi flugvöllur, sem Þjóðverjar höfðu þarna gert, er kenndur við Sóla, og verður manni þá að minnast annars af ágætustu Norðmönnum, Erlings Skjálgs-sonar. Mun hann hafa verið einn af mestu atgervismönnum í Noregi sinnar samtíðar. „Er vér köllum nú mannvænstan allra ungra manna í Noregi,“ segir Ölmóður frændi hans við Ólaf konung Tryggvason. Mér finnst alltaf sem Friðtjóf Nansen muni hafa verið eitthvað líkur Erlingi af Sóla, sem var ekki einungis hinn mesti kappi eins og Nansen, heldur virðist einnig hafa verið mannvinur eins og hann. Erlingur Skjálgsson var einn af ættfeðrum Íslendinga, því að Ragnhildur dóttir hans var langamma Magnúsar konungs berbeins, föður Þóru, móður Jóns Loftssonar í Odda, sem mjög marga afkomendur átti.

Ekki komumst við frá Stafangri um kvöldið, og var nú ekið til gistingar þar sem Viste heitir, og er það uppi í sveit. Og var þar að vísu gott að vera; ég hefi t. d. ekki í betra rúmi legið en þar. Næsta morgun var svo lagt út yfir Atlantshafið, en eftir stundar flug var snúið við, og enn var oss ekið til sama gistingarstaðar. Notaði ég nú tímann til þess að ganga dálítið um sveitina, og virða fyrir mér grjótið og gróðurinn, og það fólk, sem varð á leið minni. Er sá munur mikill, hvað minna er þarna um skóg en í Dólum, og í kringum tún o. s. frv. voru grjótgarðar. Og ekki saknaði ég þess, þó að gróður væri minni, því að mér er, sem jarðfræðingi, ekki vel við ofurmegn skógarins. Þarna mátti víða, og þó best á eyjunum fyrir utan, sjá glögg merki hærra sjávarmáls; en

slíkt hafði miklu meir dulist austur í Svíþjóð, og kemur þar þó ekki einungis til greina hinn meiri gróður þar, heldur einnig minni sjávargangur.

Kom mér í hug, er ég gekk þarna um, að ég mundi einhverntíma reyna að kynnast Noregi betur, þessu fósturlandi langflestra forfeðra vorra og formæðra. Og má þó landið vera oss hugstætt ekki einungis þess vegna, heldur einnig af því, að ljósið frá Íslandi hefir skinið þar yfir á þann hátt sem aldrei mun fyrnast, og sjálfum Norðmönnum hefir að miklu liði orðið.

Enn var svo lagt af stað þriðjudaginn 1. október, og nú varð komist á leiðarenda. Eitthvað sást til Færeysja á leiðinni, en Ísland var skýjum hulið. En það var ekki ófróðlegt að virða fyrir sér hinrar ýmsu skýjamyn danir. Sumstaðar voru háir strókar, sem minntu nærrí því á Geysisgos, enda fram komnir við nokkuðskonar gos. Rakabrunnið loft hitnar á einum stað meir en öðrum í kring, og berst því hærra upp; en rakinn verður að skýjum þegar upp í hæðirnar kemur. Sumsstaðar mátti sjá nokkuð djúpar og þróngar geilar, sem sennilega einnig verður að rekja til sambands við mishita. Einkennilegt var líka að sjá, þegar litið var upp, ský og bláan himin á milli, en einnig þegar litið var niður, ský og eitthvað blátt þar undir. Það var aðeins hinn blái litur, sem sást, en ekki að það var ólgandi haf.

Sumarveður hafði verið þessa daga, sem við vorum í Noregi, en haustveður hálfleitt, þegar komið var til Íslands. En það var þó að koma heim. Og þó að þessi lendingarstaður sé ekki laðandi, þá gerir það lítið, ef mönnum er nóg kunnugt, að í þessu landi er þó til það sem mikilsvert er að sjá og reyna. Eins og er, en getur þó orðið á miklu hærra stigi, eins og áður er á vikið, og það jafnvel svo mjög, að gestum þætti hér betra að koma en í nokkurn stað annan. Og sá munur gæti orðið á veðurfari, að ekki þyrfti ósumarlegt sumarveður að fæla neinn frá því að koma hingað til Íslands.